

# STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1970

30. júní 1970.

393

Nr. 75.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna  
og bryta á íslenskum farskipum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Samgönguráðherra hefur tjáð mér, að verkfall hafi staðið yfir hjá félögum í Stýrimannafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Félagi íslenskra loftskeytamanna og Félagi bryta, frá 21. þ. m. Hafi sáttatilaunir ekki borið árangur og engar horfur séu á lausn deilunnar í bráð. Verkfall þetta hafi valdið stöðvun farskipa landsmanna og margvíslegum truflunum og erfiðleikum og sé nú svo komið, að erfitt sé með geymslu frystra fiskafurða, því frystigeymslur séu að fyllast og aðkallandi að geta rýmt þar til með útflutningi afurðanna. Einnig sé þegar orðinn skortur á olíu og benzín, svo og ýmsum hráefnum til iðnaðar og þannig fyrirsjáanleg alger stöðvun helztu atvinnugreina landsmanna.

Því telji ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á rekstri farskipanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

#### 1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði fyrir 1. september 1970, kaup og kjör stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta á íslenskum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

#### 2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta í meginatriðum miða við eftirfarandi:

- Kjarasamninga stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta, frá 22. maí 1969.
- Launa- og kjarabreytingar, sem samið hefur verið um milli fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga í júní 1970.
- Gildandi kjarasamninga sambærilegra starfshópa, sem vinna í landi.
- Þau kjaraatriði, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli fulltrúa nefndra stétta og eigenda farskipa, skuli tekin til greina í úrskurði gerðardómsins.

**3. gr.**

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalla Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenskra loftskeytamanna og Félags bryta, sem hófst 21. júní 1970.

**4. gr.**

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 1. gr., skulu að því er varðar greiðslur farskipaeigenda til félaga í þeim starfsmannafélögum, sem um ræðir í 3. gr., gilda frá gildistöku laga þessara.

Að öðru leyti skulu samningar farskipaeigenda og nefndra starfsmannafélaga, dags. 22. maí 1969, að viðbættu 15% álagi á útborgað kaup, eins og það var 1. júní 1970 og fullum visitölubótum, gilda þar til gerðardómur fellur.

**5. gr.**

Laun gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

**6. gr.**

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

**7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**8. gr.**

Lög þessi gilda til 31. desember 1970, nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli farskipaeigenda og Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenskra loftskeytamanna og Félags bryta. Úrskurður gerðardóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma.

Eftir 30. nóvember 1970 er úrskurður gerðardóms uppsegjanlegur af hvorum aðila um sig, með eins mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1970 gildir úrskurður gerðardóms, meðan honum er ekki löglega sagt upp.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1970.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*